



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Jöklaborg

2022 – 2023



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

Leiðarljós Jöklaborgar	4
Gleði – virðing - sköpun	4
1 Greinargerð leikskólastjóra	4
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022	5
3 Innra mat og umbótaáætlun Hlíð:	6
4 Innra mat og umbótaáætlun Kot:	8
5 Innra mat og umbótaáætlun Sel	9
6 Innra mat og umbótaáætlun Höll	11
7 Umbótaáætlun Höll	11
8 Innra mat og umbótaáætlun Ból	12
9 Innra mat sérkennslu	14
10 Umbótaáætlun sérkennslu 2022-2023	14
14 Innra mat – fjöltyngd börn	15
15 Starfspróunarsamtöl og fræðsla	16
16 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	16
17 Foreldrasamvinna	16
18 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	18
19 Fylgigögn	19
19.1 Fylgiskjal 1 – Leikskóladagatal	19
19.2 Fylgiskjal 2 - Umsögn foreldraráðs	20



Leiðarljós Jöklaborgar

Gleði – virðing - sköpun

1 Greinargerð leikskólastjóra

Starf leikskólans einkennist ætíð af því starfsfólki sem þar vinnur. Starfsfólk Jöklaborgar á svo sannarlega hrós skilið. Það hefur sýnt mikla útsjónarsemi og sveigjanleika í starfi, það hefur verið lausnamiðað og hugmyndaríkt. Það er gott að vinna með slíkum starfsmannahóp. Segja má að skólaárið hafi að mörgu leiti verið fordæmalaust.

Mörg krefjandi verkefni blöstu við stjórnendum og starfsmönnum leikskólans.

Nefna má að illa gekk að fá fólk til starfa og fór oft svo að það þurfti að takmarka fjölda barna á deildum til samræmis við fjölda starfsmanna.

Þar átti Covid oft sökina að því og einnig veikindi starfsmanna. Það tók virkilega á stjórnendur þegar slíkt blasti við en engin önnur ráð voru tiltæk en að börn væru heima.

Nú höfum við ákveðið að vinna meira með vináttu og höfum keypt bangsann „Blæ“ . Öll börn leikskólans fá bangsann „ Blæ“ og hafa þau bangsann þann tíma sem þau eru í leikskólanum.

Unnið verður sérstaklega með eftirfarandi þætti í starfinu með börnunum, það er, Vináttu, Umburðarlyndi, Virðingu og Hugrekki. Elstu börnunum var boðið í Borgarleikhúsið og fengu þau þar kynningu á töfrum leikhússins. Þau fóru einnig í íþróttahús Seljaskóla í íþróttir en það var ekki oft þetta skólaár því í Covid var það ekki hægt.

Mikið var um fjarfundi hjá stjórnendum þetta skólaár sem kom vel út og minnkaði það að fólk þyrfti að fara langar leiðir á fundi.

Stjórnendur sóttu mjög metnaðarfullan Stjórnendafundur hjá Skóla- og frístundasviði sem haldin var í Hörpunni og hlýddu á margir flottir fyrirlestra.

Eftir tæplega 34 ára starf í Jöklaborg þá læt ég af störfum 31. maí 2022. Ég vil þakka öllum sem hafa unnið með mér og tekið þátt í starfinu í Jöklaborg, starfsmönnum, foreldrum og börnum þeirra fyrir yndislegar góðar stundir.

Anna Bára Pétursdóttir



2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022

Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Samskipti allra starfsmanna	Þétt og markviss vinna fór fram með mannauðsrágðjöfum sem komu í heimsóknir. Héldu fyrirlestra og unnu með starfsfólkinu í vinnustofum	Allir starfsmenn.	Niðurstaðan var Samskiptasáttmáli sem allir starfsmenn skólans ákváðu að væru þeirra leiðarljós í samskiptum.

Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Viðhorfskönnun starfsmanna	Rafræn könnun gerð í upphafi árs 2022 sem var lögð fyrir af SFS	Allir starfsmenn	Að góðum samskiptum meðal starfsmanna var stórlega ábótavant og algjörlega á skjön við stefnu skólans. Því var tekið vel á því og unnið mjög markvisst að því að bæta þennan lið. Sjá Innra mat.



Umbótaáætlun leikskólans 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Yfirfara áætlanir Viðverustefna	Að hafa skýrt hvernig ætlast sé til að starfsfólk láti vita af veikindum eða fjarveru.	Gera viðverustefnu fyrir skólann sem starfsmönnum er kynnt í upphafi starfs	Stjórnendur	Ágúst 2021	Ágúst 2022	Starfsmannakönnun 2022	Að ekki mælist einelti né áreitni
Foreldrasamstarf	Meira upplýsingaflæði til foreldra	Mánaðarlega eða oftar sendur póstur til foreldra	Stjórnendur	Ágúst 2022	maí 2023	Vor 2023	Að við náum að standa við áætlunina

3 Innra mat og umbótaáætlun Hlíð:

Markmið vetrarins var að stuðla að jákvæðum samskiptum barnanna með því að hjálpa þeim með samskipti í leik og styðja við virka þátttöku barna í leik og skapa þeim umhverfi þar sem þau eru örugg og fá örvun við hæfi.

Mannekla hefur verið mikil undanfarinn vetur og vonum við að við getum byggt upp starfsmannahóp sem saman getur tekið góðar ákvarðanir til að byggja upp starfið á deildinni. Lögð verður áhersla á góð tengsl milli starfsfólks og barnanna í gegnum leik og daglegar athafnir. Við horfum til fyrri starfsáætlunar og með það fyrir augum að nýjir einstaklingar séu að taka sín fyrstu spor í leikskóla þá nýtist sú áætlun aftur. Þar erum við að tala um þau grunnatriði sem góð samskipti eru í farsælu starfi með börnum. Að gæta þess að veita hverju barni athygli daglega til að byggja upp betri samskipta-tengsl á milli barnanna og hvers barns og allra starfsmanna. Til að mynda traust og öryggi með



auknum tækifærum til tjáningar og þroska.

Barnahópurinn var kröftugur og öll fædd árin 2019 og 2020. Með auknum þroska og aldri var greinilegt að félagslegur leikur jókst og þau voru sífellt tilbúin til að taka fleiri áskorunum og ögrunum í námi og starfi.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Skynjun	Að efla skynfæri.	Snerting á ýmsum efnivið sandi málningu ofl heitt kalt lykt bragð.	Deildarstjóri og hópstjórar.	Ágúst 2022	Júlí 2023	Á deildarfundum.	Hvort börnunum hafi verið kynntir ýmsir hlutir sem efla skynjun svo sem í listasmiðju útiveru og fl.
samverustundir	Að vera í hóp og syngja saman.	Að syngja saman og vera öll saman í örlitla stund og markmiðið yrði að taka þátt í vinastund í sal.	Deildarstjóri.	Ágúst 22	Janúar 2023 og endurmetið í maí 2023	Deildarfundir	Að taka þátt í vinastund. Að segja nafnið sitt fyrir framan hin börnin á deildinni.



4 Innra mat og umbótaáætlun Kot:

Við tölum orðið um starfið í leikskólanum sem „fyrir Covid og eftir Covid. Eftir það tímabil var allt annað líf að vinna í leikskólanum þá. Allt óhindrað húsnaðislega séð, við fórum að nýta salinn og listasmiðjuna meira. Það nýttist vel því mannekla var óvenju mikil þennan vetur og þá skipti máli að hafa pláss og nýta það sem er ekki verið að nýta í „öðrum hólum“. Nýr hópur kemur að öllu leiti inn á deildina í haust 2022 og vonum við að allar ytri aðstæður verði sem ákjósanlegastar til náms og starfs barnanna.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Virk Hlustun.	Að starfsfólk sé meðvitað að beita virkri hlustun í samskiptum við börnin.	Halda áfram með „Gefðu 10“.	Deildarstjóri og starfsmenn deildar.	Að hausti 2022.	Að vori 2023.	Skráningarblað, þar kemur fram hverjir fá „10“ og hversu oft. Mat fer fram í janúar og maí.	Starfsfólk hafi betri yfirsýn yfir þroska barna inni á deild.
Fataklefi.	Að börn séu sjálfstæð í fataklefa. Efla samhjálpu, tillitssemi og lesa í umhverfi.	Börnin fara í minni hópum í fataklefa, þá hefur starfsfólk betri yfirsýn yfir getu barnanna.	Deildarstjóri og starfsmenn deildar.	Að hausti.	Að vori.	Könnun og mat fer fram að vori.	Að samskipti og samhjálpu gangi vel í fataklefa.
Lærum og leikum með hljóðin.	Nota forrit í tölvu.	Börnin fara í litlum hópum í einu og er skráð niður.	Deildarstjóri og starfsmenn deildar.	Að hausti.	Að vori.	Skráningarblað.	Að þroska hljóðvitund barnanna.

5 Innra mat og umbótaáætlun Sel

Börnin ráða hvort þau fari út fyrir eða eftir hádegi. Það er alltaf einhver inni og starfsmaður með þeim, börnin hafa líka fengið að ráða hvort þau eru lengi eða stutt úti í einu. Þetta gefst mjög vel og viljum halda þessu áfram. Mikil ánægja meðal barna og starfsfólks. Útiveran er ánægjuleg og vinsæl eftir að við byrjuðum á þessu.

Deildarstjóri gerir starfsáætlun fyrir hvert þema, finnur til umræðupunkta, verkefni, sögur og lög.

Hópastarf féll mjög oft niður vegna veikinda starfsfólks og manneklu. Svo var jú Covit – 19 í gangi með allar sínar sóttvarnir.

Við fórum í vettvangsferð í vetur með elstu börnin, í Borgarleikhúsið, fórum líka í 2 heimsóknir í Seljaskóla (skólaheimsóknir) annað var ekki farið nema göngutúrar í næsta nágrenni.

Miklar breytingar hafa verið í starfsmannahópnum á Seli í vetur. Allt er þetta gott og sveigjanlegt fólk í vinnu bæði þeir sem komu og líka þeir sem fóru. Stytting vinnuviku var innleidd í desember 2020. Það er misjöfn upplifun okkar á þeim gjörningi. Við völdum 4 tíma styttingu á viku sem þýðir að við erum undir mönnuð 4 daga vikunnar, undirbúningstímar eru oft í uppnámi ef einhver veikist því þá er ekki alltaf til afleysing fyrir þá tíma. Upplifun okkar á styttingunni er að við þurfum að hlaupa hraðar til að fá að fara dauðþreytt heim einn dag í viku á hádegi.

Umbótaáætlun Sels

UMBÓTAÞÁTTUR/ UR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/a ðferðir?	Viðmið um árangur
Við leggjum áherslu á félagsfærni með áherslu á vináttu, sem er okkar þróunarverkefni	Höldum áfram með þróunarverkefnið okkar. Vinnum að sterkari sjálfsmynd barnanna og stefnu að því að þau verði sjálfstæðir og	Í öllu daglegu starfi og í hópstarfi þar sem verða umræður, jákvæð samskipti, virk hlustun, skiptumst á skoðunum og æfum þau í að leysa úr ágreiningsmálum.	Deildarstjóri og allir aðrir starfsmenn deildarinnar.	Alltaf	Alltaf	Hópastjórar ræða við börnin í hópstarfi um hvað þeim finnst gott, vont eða erfitt. Allir geta tjáð sig því það hafa allir rétt til þess.	Markmiðið er að börnin séu með örugga sjálfsmynd, hafi ríka samkennd til hvors annars, efla vináttu og tillitsemi.



	keikir krakkar. Aukum áherslu á umbuðarlyndi, tillitsemi og vináttu.					Starfsmenn ræða saman á deildafundum í nóv. og aftur í mars um hvernig gengur. Oftar ef þurfa þykir.	
Hópastarf	Gera hópastarf markvissara. Meiri samræður þar og inni á deildinni.	Gera áætlun mánuð fyrir mánuð sem inniheldur umræðupunkta, verkefni, bækur og lög.	Deildastjóri, hópstjórar ásamt öllu starfsfólki deildarinnar	Sept. 2021	Sept. 2022	Skipta börnum í hópa eftir aldri. Notum félagsfær nisögur til að meta árangur og starfsfólki þ talar saman á deildafundum a.m.k. 2var yfir veturinn.	Að börnin læri sjálfstæð vinnubrögð. Að þau verð óhrædd við að prófa sig áfram og kynnist sem flestum áhöldum og efni við.



6 Innra mat og umbótaáætlun Höll

Haustið 2021 var sérstaklega erfitt. Við náðum ekki markmiðum okkar eða að halda uppi góðu faglegu starfi eins og við hefðum viljað hafa það fyrir áramót. Eftir það horfði til miklu betri vegar. Á vorönninni náðum við að halda skipulagi miklu betur og sinna málörvun, hópastarfi, hreyfistundum ofl. með miklu betri hætti.

7 Umbótaáætlun Höll

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Skráningar	Að meta fyrirfram ákveðna þætti starfsins út frá skráningum meiri frekar en minni og koma skráningum í tölvutækt form	Prófa skráningar og vinna þær á tölvutæku formi	Deildar- stjóri og aðrir starfsmenn deildar- innar	Haut	Vor	Við höldum áfram að kanna, rýna og safna gögnum. Skráum niðurstöður skipulega og vistum á tölvutæku formi og skoðum og endurmetum	Að til séu skráningar á tölvutæku formi um fyrirfram ákveðna þætti sem við byggjum starfsmatið á og endur- metum þannig framfarir
Samskipti og umhyggja	Bæta samskipti og umhyggju starfsfólks á deildinni	Reglulegir deildar- fundir, taka þátt í hópefli, föstudags- kaffi, og viðburðum utan leikskóla- tíma	Allt starfsfólk deildarinnar	Haut	Vor	Að starfsfólki takist að eiga uppbyggileg og árangursrík samskipti með samskiptasátt- málann að leiðarljósi	Að starfsfólk telji að samskiptin og umhyggju fyrir hvort öðru og starfinu hafi eflst .
Virk hlustun	Að beita virkri hlustun til að bæta samskipti	Kynna/rifja upp hvað felst í virkri hlustun.	Allt starfsfólk deildarinnar	Haut	Vor	Meta hvort starfsfólk noti virka hlustun í samskiptum við börnin og	Metið á deildarfundum hvort virk hlustun virki til að skilja



	við börn og annað starfsfólk					samstarfsfólk til að ná fram upplýsingum og skilningi.	vandamál og þróa lausnir
--	------------------------------	--	--	--	--	--	--------------------------

8 Innra mat og umbótaáætlun Ból

Við á Bóli vildum endurmeta og skoða starfið á deildinni þar sem ýmsar breytingar hafa átt sér stað s.s nýtt starfsfólk, þrír aldurshópar í stað tveggja árganga en að okkar mati teljum við æskilegra að hafa tvo og það hefur verið áskorun að takast á við styttingu vinnuvikunnar. Á deildinni eru þrjátíu börn og árgangarnir eru 2019,2018 og 2017.

Eldhús. Það hefur reynst deildinni erfitt að þurfa að sjá um eldhúsmál ef það koma upp veikindi hjá starfsfólki, því þá missum við starfsmann sem á að vera með börnum í samverustund fyrir og eftir mat. Við þurfum þá einnig að sameina barnahópinn í tvo eða einn hóp því það þarf að leysa verkefni eins og uppvask, kaffitíma starfsfólks og styttingu vinnuvikunnar.

Umbætur. Gott væri að fjölga starfsfólki á deildinni til að leysa auka álag á deildinni svo hægt væri að halda uppi eðlilegu starfi.

Samverustundir. Það eru tvær samverustundir, fyrir og eftir hádegismat. Inni á Bóli eru tvær stofur þar sem börnin fara í samverustundir, annars vegar er það Púðaherbergi og hins vegar Dótaherbergi. Þau börn sem deila fataherbergi fara saman í samverustund, þá inn í Púða og/eða Dótaherbergi.

Umbætur. Best væri að skipta barnahópnum í þrjá hópa þ.e eftir árgöngum í samverustund e.h. (sögustund). Yngstu börnin saman í sögustund með starfsmanni.

Við erum með fimmtudagsfundi. Á þeim fundum eru öll börnin saman og ræða hvernig þeim er búið að líða inn á Bóli þá vikuna, æfing í að geta tjáð tilfinningar sínar og einnig góð æfing í félagsþroskanum.

Að okkar mati, bæði börnum og fullorðnum finnst þetta mjög mikilvægt og ætlum að halda áfram með þessa fundi.

Val. Við erum mjög ánægð með valið. Það er góð tenging við börnin í hinni byggingunni þar félagsleg tengsl eru eflað. Erum ánægð með fyrirkomulagið á valinu hjá okkur. Börnin velja í tveimur hópum þ.e. þau sem deila fataherberbergi saman. Valið eflir samhljál barnanna, að geta beðið um aðstoð og einnig bjóða fram aðstoð sína. Valið eflir læsi, litir koma inn í valstundina og einnig stærðfræði. Svo þarf að læra að bíða og taka tillit til annarra.

Umbætur. Við myndum vilja betri aðstöðu fyrir börnin sem koma yfir á Ból, svo þau geti gengið frá fötum og skóm, þannig að gott sé að finna þau að vali loknu.

Salur / Listasmiðja. Við erum ánægð að hafa salinn og listasmiðju á sama degi, þar sem þau herbergi eru inni í stóra húsinu. Það hentar okkur vel að geta vera með hreyfistundir og verkefnavinnu ýmiskonar á sama tíma. Þetta fyrirkomulag auðveldar einnig skipulagið fyrir deildina. Börnunum er skipt í tvo hópa sem skiptast niður á þessi svæði.

Umbætur. Við myndum vilja sjá fjölbreyttari efnivið inn í listasmiðju og betra aðgengi að því. Dýnur í salnum eru komnar til ára sinna og mætti alveg endurnýja þær.

Verkefnavinna. Verkefnavinna hefur ekki gengið upp í því formi sem við höfum haft sökum mannaeklu í starfsmannahópnum, veikinda ofl.

Umbætur. Við þurfum að útfæra verkefnavinnu í Listasmiðju á annan hátt þannig að börnin fái að fara og njóta þess að skapa.

Útisvæði. Finnum á börnunum að útisvæði er ekki nógu spennandi, börnin endast stutt úti. Vegna manneklu veikinda ofl þá höfum við lítið farið í vettvangsferðir og nýtt nærumhverfið.

Umbætur. Við viljum að börnin hafi val um hvort að þau fari út f.h. eða e.h. Þá eru færri börn úti í einu og þau börn sem eru inni fá að njóta þess að vera í frjálsum leik inni eða í öðrum verkefnum. Það er mikil þörf á að taka garðinn okkar í gegn. Best ef hægt væri að stækka hann. Fara meira í vettvangsferðir og nýta nærumhverfið betur.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Vínátta	Að efla vínáttu barna, auka vellíðan þeirra og ánægju. Hrósa, hvetja og styrkja	Að börnin verði í smærri hópum bæði , þar sem þau hafa tækifæri til að tjá sig. Innleiða Blæ Vínáttuverkefni Barnaheilla	Allt starfsfólk Bóls	Haust	Vor	Deildarfundir, börnum skipt í hópa og spurningar lagðar fyrir þau . Fimmtudagsfundir þar sem börnin tjá líðan sína.	Við viljum sjá góða vínáttu milli barna , samkennd, umburðarlyndi, hjálpsemi og að geta tjáð tilfinningar sínar. Að þetta verði ríkur þáttur í fari þeirra.
Samskipti	Efla góð samskipti milli barna	Í öllu daglegu starfi þar sem styrkleikar hvers og eins fá að njóta sín		Allt árið	Allt árið		Ánægðari börn þar sem hvert og eitt fær að njóta sín.
Útivera	Finna leiðir til að gera útiveru meira heillandi	Fara oftari í vettvangsferðir, að helmingur barnanna fari út í einu.	Deildarstjóri	haust	Vor.	Ræða á fimmtudagsfundum og deildarfundum.	Að börnin vilji öll fara út og hafi gaman af útiveru.



9 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2021-2022

Skipulagning sérkennslu 2021-2022 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Menntun án aðgreiningar er höfð að leiðarljósi. Börnin taka þátt í daglegu starfi eins og kostur er en fara einnig í einstaklingsvinnu eða með fáum börnum. Myndbönd og myndir, einnig voru fylltir út ýmsir listar til að meta framfarir.
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.	AEPS, EFI 2, HLJÓM 2 og listi yfir þjálfunaráætlanir úr bókinni Behavioral for young children with autism
Hvaða námsefni var notað? Vorur t.d notuð aðkeypt námsgögn?	Ýmis spil til málörvunar og sem kenna t.d. liti, tölur, form og afstöðuhugtök, Lærum og leikum með hljóðin og ýmis öpp, blöð, litir, skæri, lím

10 Umbótaáætlun sérkennslu 2022-2023

UMBÓTA- ÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir	Viðmið um árangur
Þátttaka starfsfólks á deildum	Koma á markvissri vinnu á deildum og hvetja starfsfólk til að vinna tiltekin verkefni með börnunum.	Setja saman málörvunar hópa á deildum	Sérkennslu stjórn.	Haut 22	Vor 23	Útbúa matslista	Að börnin sýni mælanlegar framfarir frá hausti fram á vor.



14 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2021-2022

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Keypt hafa verið námsgögn. Börn fóru í málörvun einstaklingslega og/eða í litlum hópum.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Mikið er talað við börnin, lesið, sungið og leikið en vinnan mætti vera markvissari og skráning betri. Gefðu 10 var notað á einni deild þar sem mörg börn þurfa málörvun og stuðning. Lærum og leikum var einnig notað markvisst á tveimur deildum.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Unnið er að því að dýpka orðaforða barnanna bæði í les- og samverustundum svo og öllu starfi. Sú vinna mætti hins vegar vera mun markvissari og taka mætti upp skráningu.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Öll börn taka EFI 2 og Hljóm 2. Að öðru leiti er ekki fylgst markvisst með framförum fjöltyngdra barna.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Öllum þessum þáttum er sinnt að einhverju leiti en vinnan mætti vera mun markvissari og taka mætti upp skráningu og nýta fleiri matstæki.

15 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Sérkennslustjóri og aðrir stjórnendur skólans sóttu ýmsa vitneskju á Teams fundum.

Starfsþróunarsamtöl sem áttu að vera í ágúst og september féllu niður vegna manneklu og einnig þau sem fylgdu á eftir.

Fræðsla inn í skólann: Námskeið Vinátta, vináttuverkefni Barnaheilla - Blær,

Elín Hlíf Helgadóttir framkvæmdastjóri 2020 ráðgjöf kom og var með fræðslu um samskipti og við gerðum samskiptasáttmála.

16 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Skipulag samstarfs verður með svipuðum hætti og undanfarin ár. Skólastjórar hittast á samráðsfundi í byrjun vetrar. Deildarstjórar elstu barna leikskólans og umsjónarkennarar 1.bekkja grunnskólanna hittast og ræða komandi skólaár. Farið er yfir hvernig skólaheimsóknir munu verða og samstarf á nýju skólaári. Skólastjórar munu hittast snemma á vorönn til að ákveða sameiginlega skipulagsdaga fyrir skólaárið 2023-2024.

17 Foreldrasamvinna

Fulltrúar foreldraráðs voru fjórir. Tilgangur foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskólans og nefnda um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Foreldraráð hefur umsagnarréttum allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi (lög um leikskóla 90/2028) Foreldraráð fundar eftir þörfum. Í fundarboði kemur fram dagskrá fundar.

Starfsreglur foreldraráðs Jöklaborgar:

Foreldraráð Jöklaborgar starfar skv. lögum um leikskóla 90/2008 og leiðbeiningum skóla- og frístundasviðs.

- Foreldraráðið einsetur sér að starfa faglega við að veita umsögn um starf leikskólans.
- Foreldraráðið heldur trúnað um persónuupplýsingar barna, foreldra, starfsfólks og annarra sem ráðið kann að fjalla um.



- Foreldraráðið getur verið farvegur fyrir foreldra leikskólabarna sem vilja koma á framfæri ábendingum og athugasemdum um leikskólastarfið.
- Foreldraráðið kemur saman að lágmarki tvisvar á hverju misseri, gjarnan í tengslum við skipulagsdaga starfsfólks og starfsáætlanagerð.
- Meirihluti foreldraráðsins verður að mæta á fundi til þess að ráðið teljist starfshæft. Ef greidd eru atkvæði um mál í ráðinu er það einfaldur meirihluti sem ræður.

Starfsreglur þessar voru samþykktar á fundi foreldraráðs Jöklaborgar fimmtudaginn 28. ágúst 2014.

Foreldrafélag:

Foreldrafélag Jöklaborgar var skipað fimm foreldrum, einn deildarstjóri er fulltrúi leikskólans og situr fundi félagsins. Foreldrafélagið er fyrir alla foreldra og forráðamenn barna í Jöklaborg. Markmið félagsins er að tryggja sem best velferð barna í Jöklaborg. Aðalfundur foreldrafélagsins er venjulega haldinn að hausti í lok foreldrafundar leikskólans. Í ár var hins vegar ekki haldinn fundur vegna Covid. Markmiði sínu hyggst félagið ná m.a. með eftirfarandi:

- Að hvetja alla foreldra til þess að taka þátt í og hafa aukin áhrif á aðbúnað og störf leikskólans í fullu samráði við starfsfólk.
- Að bjóða upp á fræðslu og fyrirlestra sem nýtast við uppeldi barna.
- Að bjóða upp á ýmislegt skemmtilegt til þess að lífga upp á tilveruna og byggja upp góðan félagsanda innan leikskólans.

Ekki var haldin aðalfundur síðasta skólaár en við stefnum á að vera með fund á næsta skólaári og lítur út fyrir að aðstæður muni leyfa það.

Foreldrafundir:

Venjulega er haldnir tveir foreldrafundir yfir árið, einn að hausti fyrir alla foreldra þar sem starfsáætlun leikskólans er kynnt og kosið í foreldraráð. Á sama fundi er aðalfundur foreldrafélagsins. Þetta skólaár



var það hins vegar ekki þannig vegna Covid. Deildarstjórar hafa tekið viðtöl við foreldra nýrra barna og verður haldið áfram með slík viðtöl í haust.

Foreldraviðtöl:

Foreldraviðtöl hafa verið með margvíslegum hætti síðustu tvö ár þar sem Covid hefur herjað á okkur. Vegna ýmissa takmarkana hafa viðtöl farið fram á ýmsa vegu t.d. úti, á Teams fundum, símafundum svo eitthvað sé nefnt. En venjan hefur verið að foreldraviðtöl fari fram á þann hátt sem lýst er hér fyrir neðan. Við erum bjartsýn og vonum að þetta fari fram með eðlilegum hætti strax haustið 2022.

Foreldrar barna sem eru að byrja í leikskólanum fá viðtal við deildarstjóra/aðstoðarleikskólastjóra /leikskólastjóra við upphaf leikskólagöngu. Þar er m.a. farið yfir sögu barnsins og gerður dvalarsamningur. Skipulögð foreldraviðtöl fyrir alla foreldra verða í janúar/febrúar þar sem farið er yfir stöðu barnsins er varðar þroska og getu. Einnig eru einstaklingsáætlanir ræddar. Foreldrar verða þannig virkir í gerð einstaklingsáætlana barnanna sinna. Foreldraviðtöl, þ.e. kveðjuviðtöl eru að vori vegna barna sem eru að fara í grunnskóla. Foreldrar geta alltaf beðið um viðtal við deildarstjóra/leikskólastjóra telji þeir þörf á því. Þegar börn færast á milli deilda er foreldrum boðið upp á viðtal við nýjan deildarstjóra. Foreldraviðtöl hafa verið með ýmsu móti þetta haustið vegna Covid.

18 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Leikskóladagatal er í fylgiskjöllum. Skipulagsdagar árið 2022-2023 verða eftirfarandi:

9.september 2022 Föstudagur (sameiginlegur í Seljahverfi)

21. október 2022 Föstudagur (vetrarfrí Grunnskólanna)

25.nóvember 2022 Föstudagur (sameiginlegur í Seljahverfi)

2.janúar (lokað í grunnskólum)

15.mars (Sameiginlegur í Seljahverfi)

2.júní Föstudagur.



19 Fylgigögn

19.1 Fylgiskjal 1 – Leikskóladagatal

Leikskóladagatal 2022 - 2023 Áætlun												Nafn skóla:		Jöklaborg	
Ágúst	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRUAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ				
Friðgur vestinarmanna	1 F	1 L	1 Þ	1 F	1 M	1 M	1 M	1 L	1 M	1 F	1 L				
lokab.	2 F	2 S	2 M	2 F	2 M	2 F	2 F	2 S	2 Þ	2 F	2 S	Skúlagdagur			
lokab.	3 L	3 M	3 F	3 L	3 Þ	3 F	3 F	3 M	3 M	3 L	3 M				
lokab.	4 S	4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 L	4 L	4 Þ	4 F	4 S	4 Þ	Skólanadagurinn			
lokab.	5 M	5 M	5 L	5 M	5 F	5 S	5 S	5 M	5 F	5 M	5 M				
	6 Þ	6 F	6 S	6 Þ	6 F	6 M	6 M	6 F	6 L	6 Þ	6 F				
	7 M	7 F	7 M	7 M	7 L	7 Þ	7 Þ	7 F	7 S	7 M	7 F				
lokab.	8 F	8 L	8 Þ	8 F	8 S	8 M	8 M	8 L	8 M	8 F	8 L				
lokab.	9 F	9 S	9 M	9 F	9 M	9 F	9 F	9 S	9 Þ	9 F	9 S				
lokab.	10 L	10 M	10 F	10 L	10 M	10 F	10 F	10 M	10 Þ	10 L	10 M				
	11 S	11 Þ	11 F	11 M	11 M	11 L	11 L	11 Þ	11 F	11 S	11 Þ				
	12 M	12 M	12 L	12 M	12 F	12 S	12 S	12 M	12 L	12 M	12 M	Sumatökun 2023			
	13 Þ	13 F	13 M	13 L	13 M	13 F	13 F	13 M	13 Þ	13 L	13 M				
	14 M	14 F	14 M	14 F	14 M	14 F	14 F	14 M	14 L	14 M	14 F	12. júlí - 3. ágúst			
	15 F	15 L	15 Þ	15 F	15 S	15 M	15 M	15 F	15 M	15 F	15 L	Opnar 10. ágúst			
	16 F	16 M	16 L	16 F	16 M	16 F	16 F	16 M	16 L	16 M	16 S				
	17 L	17 M	17 F	17 L	17 M	17 F	17 F	17 M	17 Þ	17 L	17 M	Vorhátíð			
	18 S	18 Þ	18 F	18 M	18 M	18 L	18 L	18 Þ	18 F	18 M	18 M	Dóradagur			
	19 M	19 F	19 M	19 L	19 M	19 F	19 F	19 M	19 Þ	19 L	19 M	Upplýsingar dagur			
	20 Þ	20 M	20 F	20 M	20 L	20 F	20 F	20 M	20 Þ	20 L	20 M	Baranmenningar hátíð			
	21 M	21 F	21 M	21 L	21 M	21 F	21 F	21 M	21 Þ	21 L	21 M	Baranmenningar hátíð			
	22 F	22 M	22 F	22 M	22 L	22 F	22 F	22 M	22 Þ	22 L	22 M	Sumardagurinn fyrsti			
	23 F	23 M	23 L	23 M	23 F	23 S	23 S	23 M	23 Þ	23 L	23 M	Baranmenningar hátíð			
	24 L	24 F	24 M	24 L	24 M	24 F	24 F	24 M	24 Þ	24 L	24 M				
	25 S	25 Þ	25 F	25 M	25 L	25 F	25 F	25 M	25 Þ	25 L	25 M				
	26 M	26 F	26 M	26 L	26 M	26 F	26 F	26 M	26 Þ	26 L	26 M				
	27 Þ	27 M	27 F	27 M	27 L	27 F	27 F	27 M	27 Þ	27 L	27 M				
	28 M	28 F	28 M	28 L	28 M	28 F	28 F	28 M	28 Þ	28 L	28 M	Hvítasunnudagur			
	29 F	29 M	29 L	29 M	29 L	29 F	29 F	29 M	29 Þ	29 L	29 M	Annar Hvítasunnudagur			
	30 F	30 M	30 L	30 M	30 L	30 F	30 F	30 M	30 Þ	30 L	30 M				

19.2

Fylgiskjal 2 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans Jöklaborgar

Ásta Kristín Svavarsdóttir
Leikskólastjóri

20. desember 2022
Dagsetning

Starfsáætlun 2021 – 2022

Nafn leikskóla

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Eirún Eðvaldsdóttir
Karen Mjöll Árnadóttir
Kristþóra Gísladóttir
Tinna Heimisdóttir



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

